

Jöfnuður í skattkerfinu

Um jöfnuð, valkosti í því efni og ávinning af þeim

Unnið fyrir þingflokk Flokks fólksins

Dr. Haukur Arnþórsson | Reykjavík, september 2018

Útdráttur

Hér er skoðað hvort staðfesta megi niðurstöður hagdeildar ASÍ frá 2017 um að jöfnunarhlutverk skattkerfisins hafi veikst. Þá er skoðað hvaða áhrif þrjár ólíkar leiðir í skattamálum hafa á jöfnuð og ráðstöfunartekjur ólíka tekjuhópa og tekjur og gjöld ríkisins.

Fram kemur að gögn OECD staðfesta niðurstöður ASÍ og gefa afgerandi mynd af því hvernig skattar láglaunafólks hafa hækkað það sem af er öldinni og skattar hátekjufólks lækkað eða staðið í stað.

Athugað var hvaða áhrif kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins um lækkingu lægra skattþrepsins í 35% hefði. Tillagan myndi kosta um 24 milljarða (allar tölur miðað við 2017). Hún er kostnaðarsöm miðað við þau litlu áhrif sem hún hefði þar sem skattalækkanirnar gengju upp allan tekjustigann, raunar hækka tiltölulega há laun mest.

Hár, lækandi persónufrádráttur, hér er miðað við 106.387 kr. sem jafngildir 300 þús. kr. skattleysismörkum, myndi styrkja jöfnunarhlutverk skattkerfisins vel og færa það nálægt norrænum skatthlutfölum milli tekjuhópa að því tilskyldu að skattþrep breytist ekki. Í dæmi sem hér er tekið er miðað við að tilfærsla skattbyrði frá tekjulágum til tekjuhárra nemi um 22 milljörðum innan kerfisins, beinn kostnaður hins opinbera verði tæpir 32 milljarðar kr. og skattar tekjulágra minnki um allt að 54 milljarða.

Þá myndi styrking þrepaskipta skattkerfisins skila svipaðri niðurstöðu. Í dæminu sem hér er tekið er miðað við að persónufrádráttur yrði 88 þús. kr., skattþrepum breytt og tekið upp þriðja þrepið – og með þeim hætti náð að jafna hlutföll skattgreiðslna milli tekjuhópa þannig að þau verði svipuð hlutföllum á hinum Norðurlöndunum. Sú leið myndi færa 18,7 milljarða skattbyrði frá tekjulágum til tekjuhárra innan skattkerfisins, kosta opinbera aðila um 29,3 milljarða og lækka þannig skattbyrði hinna lágt launuðu um 48 milljarða.

Inngangur

Jöfnunarhlutverk skattkerfisins

Í ágúst 2017 kom út skýrslan *Skattbyrði launafólks 1998–2016*, samin af hagdeild ASÍ¹. Í henni kemur fram að jöfnunarhlutverk skattkerfisins hafi veikst og þá þannig að skattbyrði þeirra lægst launuðu hafi aukist meira en hinna hærra launuðu. Raunar kemur fram að skattbyrði allra launþega hafi aukist á tímabilinu. Ástæður minni jöfnuðar telur hagdeild ASÍ vera þær að persónufrádrátturinn hafi ekki fylgt

¹ <http://www.asi.is/media/313671/skattbyrði-launafólks-1998-2016.pdf>

launaþróun, stuðningur vaxtabótakerfisins hafi minnkað og nái það til færri en áður, barnabótakerfið sé veikt og nái aðeins til einstæðra foreldra og launalægsta sambúðarfólksins og að húsaleigubótakerfið sé einnig veikt, bætur hafi ekki fylgt launaþróun og því síður leiguverðsþróun og kerfið nái til fárra.

Í þessari samantekt er leitast við að staðfesta eða hrekja helstu niðurstöður hagdeildar ASÍ og skoða hvað það myndi kosta hið opinbera að auka jöfnuð í íslenska skattkerfinu og hvernig það kæmi út fyrir ákveðna tekjuhópa. Þá hefur þessi samantekt skírskotun til þeirrar umræðu sem nú á sér stað um breytingar á sköttum í samhengi við komandi kjarasamninga.

Hér er athyglinni beint að jöfnunarhlutverki skattkerfisins undir átökum þeirra andstæðu hugmynda (i) að það eigi að takast á við að jafna kjör í samfélaginu og (ii) að skattar eigi að vera tiltölulega lágir og jafnir. Talað er um flata skatta þegar skattþrep eru fá eða bara eitt. Hér á landi höfum við verið að fara frá fyrnefndu leiðinni til þeirrar síðarnefndu.

Nágrannaríkin hafa beitt stighækkandi skattþrepum í miklum mæli. Skattar í nágrannaríkjunum, sem hafa verið háir og hærri en hér, hafa samt farið lækkandi á þessari öld, jafnvel í Svíþjóð og Finnlandi. Uppbygging kerfanna hefur hins vegar ekki breyst.

Leiðir til jöfnuðar

Segja má að hægt sé að velja um tvær meginleiðir um skattkerfi. Þær byggja á ólíkri hugmyndafræði. Síðan er hægt að útfæra þær misjafnlega og jafnvel að víxla lausnum þeirra eitthvað. Þessar leiðir eru annars vegar tiltölulega flatt skattkerfi og hins vegar stighækkandi þrepaskipt skattkerfi:

Tafla 1. Meginleiðir við uppbyggingu skattkerfa.

Hvernig skattkerfi:	Til að minnka skattheimtu af lágum launum:	Til að auka skattheimtu af háum launum:
Tiltölulega flatt skattkerfi, helst 1 skattþrep, miðlungs hátt	Hár persónufrádráttur (há skattleysismörk)	Fallandi persónufrádráttur með hækkandi tekjum
Stighækkandi þrepaskipt skattkerfi	Lágt skattþrep	Hátt skattþrep

Hin almenna leið á Vesturlöndum hefur verið að hafa stighækkandi þrepaskipt skattkerfi. Há skattþrep hafa verið allt að 70%, en þau hafa þó orðið fáséðari með árunum. Hér á landi höfum við ekki haft svo hátt skattþrep, en við höfum haft þrepaskipt kerfi, sem þó hefur verið að fletjast út á seinni árum. Hugmyndir um tiltölulega flatt skattkerfi hafa notið aukinnar athygli hér á landi samhliða þeirri þróun. Í flötu kerfi má tryggja hinum lágt launuðu lága skattheimta ef persónufrádráttur er hár.

Þegar kemur að skattbyrði hinna herra launuðu er hin hefðbundna leið að hafa hátt skattþrep. Í flötu skattkerfi með tiltölulega lágu eða milliháu skattþrepi er þessu mætt með fallandi persónufrádrætti. Hann verður að 0 kr. við ákveðin tekjumörk, sem má hnika til eins og vill – þau ráða því hversu bratt skattkúrfan fellur og hver kostnaður og ávinningur ríkisins verður. Þá kemur til greina að hafa skattkúrfuna ekki línulega, heldur að hún falli meira eða minna í annan hvorn endann. Hins vegar hefur þessi lausn tvo galla sem eru: (i) að skattar verða aldrei háir á há laun, því þeir verða ekki hærri en skattþrepið og (ii) skatthlutfallið lækkar lítilllega með hækkandi launum fyrir ofan þau tekjumörk þar sem persónufrádrátturinn verður 0 kr. Hæstu skattarnir verða því greiddir af launum við þau tekjumörk, en ekki af hæstu launum.

Minnt skal á að það má blanda þessum leiðum saman til þess að ná ákveðnum markmiðum, til dæmis að hafa háan persónufrádrátt með þrepaskiptu skattkerfi eða hafa hátt skattþrep með flötu skattkerfi. Hugmyndafræðilega er þó um ólíka valkosti að ræða og ef skattkerfi á að vera einfalt og gagnsætt myndu margir halda sig við annan hvorn kostinn – þó ekki sé endilega mælt með því hér.

Það er reyndar ástæða til þess að hafa hér útdúrur og benda á stjórnsýslulegt sjónarmið. Einföld kerfi eru alltaf á kostnað sanngirni og réttmæti, en það þarf flókin kerfi í nútímanum til þess að mæta fjölbreytilegum þörfum. Tölvurnar eru einmitt til þess að framkvæma flókin verk, það kostar ekkert aukalega – en hafa má ytri ásjónu kerfa einfalda, einnig með tölvukerfum.

Þegar rætt er um flatt skattkerfi koma ólíkar útfærslur til greina. Það eitt og út af fyrir sig ber ekki með sér jöfnuð milli tekjuhópa. Hár persónufrádráttur gerir það þó frekar; hann gengur að vísu upp allan tekjustigann, en sama krónutölulækkun fellur á öll laun og verður hún lækkað hlutfall af tekjum eftir því sem þær hækka. Það er fallandi persónuafsláttur sem tekur á jöfnuðinum eins og áður segir.

Hér skal síðan minnst á útgreiðslu ónýttts persónufrádráttar. Það jafngildir borgaralaunum, en í umræðunni hefur þó aðeins verið rætt um útgreiðanlegan persónufrádrátt til aldraðra og öryrkja og mögulega annarra skjólstæðinga félagsmálakerfanna. Borgaralaun bíða í bili og tilheyra kannski ekki velferðarsamfélögum og núverandi tilgangi félagsmálakerfa.

Ef við lítum á þrepaskipt skattkerfi þá má segja að því fleiri skattþrep, því betra (jafnarskattar verða jafnari). Vel hannað þrepaskipt kerfi getur gegnt jöfnunarhlutverki sínu vel. Skattþrep í okkar heimshluta ná jafnan upp fyrir 50% af heildarlaunum þegar komið er að ofurlaunum, það er launum lítils hluta þjóðarinnar – það er þó vissulega hvergi nálægt hinu almenna skatthlutfalli. Þrepaskipt skattkerfi hefur mest áhrif á tekjubilið 100-300 þús. kr. hærri tekjur en þrep miðast við. Þannig gefur lágt skattþrep á tekjur undir 350 þús. kr. mesta skattalækkun hjá skattgreiðenda með um 400-500 þús. kr. laun og hækkað skattþrep við 500 þús. kr. mesta skattahækkun á all nokkru hærri laun.

Þá er það annað einkenni að lágt skattþrep jafngildir háum persónufrádrætti að hluta til, en nær þó ekki að lækka skatta á lægstu laun eins vel. Því er sæmilega hár persónufrádráttur einnig nauðsynlegur með þrepaskiptu skattkerfi til að mæta jöfnunarhlutverki gagnvart þeim hópi skattgreiðenda. Minnt skal á að hár persónufrádráttur og lágt skattþrep hækka laun upp allan tekjustigann. Ef þeim er breytt í þeim tilgangi að lækka skattbyrði lægstu launa verður það mjög kostnaðarsamt fyrir ríkið nema gripið sé til mótaðgerða. Þær eru annað hvort hátt skattþrep eða lökkandi persónufrádráttur, eins og áður segir. Þá erum við að tala um tilfærslu skattbyrði frá tekjuháum til tekjulágra.

Þjóðartekjur á mann á Íslandi eru með því hæsta í heiminum. Það þýðir meðal annars að við getum ekki af sanngirni borið okkur saman við aðrar þjóðir en þær sem hafa svipaða stöðu. Það þýðir líka að lágar tekjur ættu að geta verið með því hæsta sem gerist í heiminum, nema misskipting sé meiri hér en annars staðar. Og skattkerfið á mikinn þátt í því að draga úr misskiptingu.

Aðferð

Hér er unnið með gögn frá Hagstofunni um tekjur Íslendinga 16 ára og eldri á árinu 2017. Miðað er við tekjuskattsstofn, sem eru meðal annars allar launatekjur, reiknuð laun og lífeyrir. Gögnin voru tekin sérstaklega saman fyrir þessa rannsókn. Gögnin eru rauntölur. Niðurstöður hafa verið bornar saman við gögn á vef fjármálaráðuneytisins um tekjuskatt á því ári. Tölur eru ekki umreiknaðar til verðlags á árinu 2018, en hafa má í huga að launavísitala hækkaði um 6% frá júní 2017 til júní 2018.

Unnið er með gögn úr skattagagnagrunnum OECD. Þau eru sett fram á vef stofnunarinnar undir „Taxing Wages“. OECD mælir skattheimtu ákveðinna fjölskyldugerða. Tengiliður OECD hér á landi í þessu efni er fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Þá voru sótt gögn af vefjum Ríkisskattstjóra, Tryggingastofnunar og Alþingis og unnið með skýrslur og greinargerðir frá hagdeild ASÍ, Gylfa Zoega og Hauki Arnþórssyni.

Hér er miðað við 4% iðgjöld í lífeyrissjóð og að útsvarsprósentan sé 14%. Unnið er með mánaðarlaun og árslaun jöfnum höndum og tekið fram hvort er.

Markmið

Í þessari greinargerð er sjónum beint að styrkingu á jöfnunarhlutverki skattkerfisins með því að lækka skattbyrði látekjufólks og færa hana niður fyrir meðaltal norræna hlutfalla, rétt eins og skatthlutföll þeirra tekjuhærri eru. Þannig er miðað við að bæta hlut þeirra lægst launuðu og koma flestum yfir framfærslumörk. Til að mæta kostnaði ríkisins af þessu og til þess að styrkja jöfnunina kæmi til greina að hækka skatta á hátekjufólk. Þannig mætti deila kostnaði milli tilfærslu skattbyrði milli tekjuhópa og framlaga (minnkuðum tekjum) ríkisins.

Jöfnuður með skattkerfinu

Þegar gögn OECD eru skoðuð² kemur í ljós ákveðin mynd af þróun skattkerfisins hér á landi. OECD miðar við nokkrar fjölskyldugerðir og eru hér skoðaðar sex þeirra sem gefa ágæta mynd af stöðunni. Þeim er skipt niður í fjóra tekjuhópa; frá tekjulágum til tekjuhárna. Miðað er við önnur ríki á Norðurlöndum, sjá nánar í töflu 2:

Tafla 2. Skatthlutfall sex fjölskyldugerða á Norðurlöndunum 2017.

Land:		Ísland	Noregur	Finnland	Svíþjóð	Danmörk
Látekjufólk	Einstætt foreldri, 67% meðallauna, 2 börn	22,01%	22,06%	26,43%	33,85%	5,97%
	Hjón, ein fyrirvinna, meðallaun, 2 börn	23,80%	31,45%	38,41%	38,19%	25,84%
Lægri meðaltekjur	Hjón, annað á meðallaunum, hitt á 33% meðallauna, 2 börn	29,28%	30,50%	35,43%	37,66%	29,67%
Meðaltekjufólk	Hjón, annað á meðallaunum, hitt á 67% meðallauna, 2 börn	31,97%	32,58%	37,68%	39,28%	31,73%
	Einhleypur skattgr., meðallaun, barnlaus	33,22%	35,94%	42,92%	42,92%	36,33%
Hálaunafólk	Einhleypur skattgr., 167% meðallauna, barnlaus	38,27%	41,72%	49,09%	51,61%	42,10%

Gögn: OECD.

Á töflu 2 má sjá að skattar á Íslandi lækka í samanburði við Norðurlöndin eftir því sem fjárhagur fjölskyldugerðanna batnar. Hlutfallið er svipað hjá fjölskyldum með lægstar tekjur, nema Danmörku sem sker sig úr með stuðningi við tekjulága einstæða foreldra með tvö börn. Síðan hækkar skatthlutfallið annars staðar með hækkanði tekjum, um 18-23% frá tekjulægsta heimilinu til þess tekjuhæsta, nema í

² <https://stats.oecd.org/index.aspx?DataSetCode=AWCOMP>

Danmörku, en þar hækkar hlutfallið um 36%. Á Íslandi hækkar hlutfallið um 16%. Þannig er skatthlutfall tekjuhæstu fjölskyldnanna 4-11% lægra hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum: um 8% fyrir neðan meðaltal norrænu ríkjanna.

OECD birtir gögn frá árinu 2000 til 2017 þannig að sjá má hvernig þróunin hefur verið. Ef tekin er meðaltalsskattbyrði allra fjölskyldugerðanna í löndunum fimm og hún sett í 0% á árinu 2000 kemur í ljós hlutfallsleg breyting, sjá töflu 3. Pósitívur tölur þýða skattahækkun en negatívar skattalækkun.

Tafla 3. Hlutfallsleg breyting skatthlutfalls sex fjölskyldugerða á Norðurlöndunum 2000-2017.


Land:		Ísland	Noregur	Finnland	Svíþjóð	Danmörk
Látekjufólk	Einstætt foreldri, 67% meðallauna, 2 börn	273,6%	34,7%	-6,6%	-15,2%	-51,7%
	Hjón, ein fyrirvinna, meðallaun, 2 börn	82,1%	10,6%	-4,6%	-13,8%	-10,2%
Lægri meðaltekjur	Hjón, annað á meðallaunum, hitt á 33% meðallauna, 2 börn	45,1%	-0,9%	-9,8%	-15,8%	-10,3%
Meðaltekjufólk	Hjón, annað á meðallaunum, hitt á 67% meðallauna, 2 börn	25,7%	-1,2%	-8,7%	-14,7%	-13,1%
	Einhleypur skattgr., meðallaun, barnlaus	15,2%	-6,1%	-9,7%	-14,4%	-13,7%
Hálaunafólk	Einhleypur skattgr., 167% meðallauna, barnlaus	-3,3%	-7,7%	-7,8%	-7,3%	-15,8%

Gögn: OECD.

Á töflu 3 má sjá að meðalskattar fimm tekjulægri fjölskyldugerðanna hafa aukist mikið hér á landi frá 2000-2017, en ekki þeirrar tekjuhæstu. Skattar hafa lækkað annars staðar á Norðurlöndum, nema í Noregi. Þjóðirnar hafa komið úr ólíkum áttum á þessum árum; við frá tiltölulega lágum sköttum fyrir þessar fjölskyldugerðir, en hinar þjóðirnar, einkum Svíar og Finnar, frá háum.

Hér er óhætt að álykta að þróun skatta hafi verið ólík hjá okkur miðað við hin Norðurlöndin frá aldamótum fyrir þær fjölskyldugerðir sem OECD notar til viðmiðunar.

Ef við greinum þróun skattbreytinganna hérlandis myndrænt á grundvelli gagna OECD kemur í ljós hver þróunin hefur verið í gegnum árin, sjá mynd 1.



Gögn: OECD.

Mynd 1. Þróun skattbyrði sex fjölskyldugerða á Íslandi 2000-2017.

Á mynd 1 eru skatthlutföll fjölskyldugerðanna sett í 0% fyrir árið 2000 og skoðuð hlutfallsleg breyting síðan þá. Í ljós kemur:

(1) Að skattbyrði einstæðs foreldris á lágum tekjum, 67% af meðallaunum, með 2 börn (blá lína) hefur hækkað um 274% og hlýtur það að vera stjórnmálalegt og stjórnsýslulegt slys. Þessi laun eru nú (í september 2018) um 400 þús. kr.; einmitt á tekjubili þar sem félagsmálapakkarinn hafa fasast út eða eru við það að fasast út. Ekki kemur til greina að um gagnavillu sé að ræða, enda hefur þessi þróun verið samfelld í 17 ár.

(2) Skattar hjóna með eina fyrirvinnu á meðallaunum, tvö börn, (gul lína) hefur hækkað um 82%, sem í sjálfu sér er gríðarlega hátt hlutfall og ekki síður athugunarefni.

(3) Skattar hjóna sem bæði vinna úti, annað á meðallaunum og hitt á 33% launa, með tvö börn (grá lína) hafa hækkað um 45%.

(4) Skattar hjóna sem bæði vinna úti, annað á meðallaunum, hitt á 67% af meðallaunum, tvö börn, (appelsínugul lína) hafa hækkað um 26% og

(5) skattar barnlauss einhleyps skattgreiðanda á meðallaunum (dökkblá lína) hafa hækkað um 15%.

Allt eru þetta mjög há hlutföll og miklar breytingar á skattheimtu miðað við það sem gerist í nágrannaríkjunum – og allar til hækkunar. Ríkið hefur einfaldlega leitað aukinna tekna hjá láglaunafólki. Ljóst er að allar ríkisstjórnir nema ríkisstjórn Geirs H. Haarde hafa hækkað skattbyrði þeirra hópa sem OECD mælir og ekki síst þær ríkisstjórnir sem starfað hafa frá fjármálahruni. Raunar lækkaði ríkisstjórn Jóhönnu

skattheimtu af lægstu launum myndarlega á árinu 2009, en tók þá lækun síðan alla til baka og meira en það.

Ef spurt er um aðra hópa þá má vísa í greinargerð sem höfundur þessara orða samdi á síðast liðnu ári um fjármál aldraðra, sem er sennilega stærsti hópur tekjulágra hér á landi og tók til þróunar síðustu 10 ára³. Þar kom í ljós að skattar og skerðingar hefðu tekið til baka hækkanir ellilífeyris Tryggingastofnunar.

En samkvæmt mælingum OECD greiðir:

(6) Einhleypur skattgreiðandi með 167% af meðaltekjum (græn lína) hins vegar 3% lægri skatta hér á landi en hann gerði árið 2000. Hann er með í dag (í september 2018) um 1.150 þús. kr.

Gögn OECD staðfesta fullyrðingar hagdeildar ASÍ um að láglaunafólk og barnafjölskyldur hafi farið illa út úr skattbreytingum á þessari öld. Jafnvel má álykta að sterk fylgni sé á milli annars vegar lágra launa og barneigna og hins vegar hækkana á skatthlutfalli. Gögn OECD staðfesta hins vegar ekki að skattbyrði allra hafi aukist eins og ASÍ heldur fram í skýrslu sinni, því sú er ekki raunin hjá tekjuhæstu fjölskyldugerðinni.

Breytingatillögur

Hér eru skoðaðar þrjár tillögur um breytingar á skattkerfinu:

1. Kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins um að lækka neðra skattþrepið í 35%. Allar aðrar forsendur skattlagningar yrðu óbreyttar. Þessi breyting minnkaði skattbyrði mest við 900 þús. kr. markid, yki ráðstöfunartekjur um 17.338 kr. Lágt hlutfall skattgreiðenda hefur svo háar tekjur eða hærri eða um 7%.
2. Tillaga um 300 þús. kr. skattleysismörk, þá er persónufrádráttur 106.387 kr., og að persónufrádráttur sé fallandi. Hann yrði sveiglína og fasaðist út við 970 þús. kr. (yrði 0 við þau tekjumörk). Vendipunktur lækkaðra og hækkaðra skatta yrði 562 þús. kr. Tillagan minnkar skattbyrði mest hjá þeim sem hafa 300 þús. kr. tekjur og eykur ráðstöfunartekjur þeirra um 51.225 kr.
3. Tillaga um styrkingu á þrepaskipta kerfinu okkar með háu skattþrepi og 88 þús. kr. persónufrádrætti. Miðað er við að viðmiðunarfjárhæðir núverandi skattþrepa verði lægri en nú er og að háa skattþrepið verði 54%. Vendipunktur lækkaðra og hækkaðra skatta yrði 675 þús. kr. Tillagan hækkar ráðstöfunartekjur þeirra mest sem hafa um 250 þús. kr. eða um 32.838 kr.

³ http://feb.is/wp-content/uploads/2018/02/Kj%C3%B6r-aldra%C3%B0ra_FEB_endanlegt.pdf

Kostnaður við breytt skattkerfi

Í töflu 4 má lesa hver árlegur kostnaður ríkissjóðs hefði orðið af þessum breytingum á árinu 2017. Mínustölur þýða tekjutap ríkisins af breytingunni.

Tafla 4. Kostnaður ríkisins árið 2017 af mismunandi breytingum

	Kostnaður alls	Sundurliðun	
		Ríkissjóður	Sveitarfélög
1. 35% lægra skattþrep	-23.797.186.828	-21.709.772.083	-2.087.414.744
2. Há skattleysismörk, fallandi persónuafsláttur	-31.984.424.259	-602.423.212	-31.382.001.047
3. Styrking þrepaskiptingar	-29.279.074.379	-7.146.284.439	-22.132.789.940

Gögn: Hagstofan.

Fram kemur í töflunni að kostnaður við tvær leiðanna er mestur; leið 2, há skattleysismörk, fallandi persónuafsláttur og leið 3, styrkt þrepaskipt kerfi. Kostnaður við leið 1, sem er kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu kosningar, er hins vegar tæpir 24 milljarðar, sem vissulega er einnig há fjárhæð. Leiðirnar þrjár eru gerólíkar. Sú fyrsta minnkar skattheimtu hjá öllum, mest þó af hærri launum; upp allan tekjustigann og smyr mjög þunnt, meðan þær síðari færa skatthlutfallið í átt að norrænum viðmiðunum og lækka þannig skatta af lágum launum og hækka þá af háum og lyfta skattleysismörkum upp undir eða upp fyrir framfærslumörk. Raunar lyftir leið 2 ráðstöfunartekjum þeirra tekjulægstu mest, meðan leið 3 styrkir jöfnunina mest með háu skattþrepi, en minnkaðri skattheimtu á millitekjur.

Rétt er að minna á að vegna ráðstöfunarreglna um persónufrádrátt taka sveitarfélögin allar skattgreiðslur af tekjum frá 152-250 þús. kr. til sín og eru það um 13 milljarðar – og þau taka aðra 13 milljarða af tekjum frá 250-300 þús., en ríkið tekur 3,5 milljarða af því tekjubili. Með þetta í huga má lesa í töflu 4 að leið 1 bætir hag þessara tekjuhópa lítið þar sem úrvarstekjur minnka lítið.

Jöfnun milli tekjuhópa

Ef lítið er á jöfnunarhlutverk skattkerfisins má skoða hvernig þessar ólíku leiðir í skattamálum kæmu út fyrir ólíka tekjuhópa.

Fyrst skulum við líta á hvað ríkissjóður myndi missa af miklum tekjum frá ólíkum tekjuhópum með ólíkum leiðum, nú eða auka tekjur sínar. Það er sýnt í töflu 5 og enn miðað við tekjur ríkisins á öllu árinu 2017. Mínustölur þýða tekjutap ríkisins af breytingunni og póstívar tölur auknar tekjur.

Tafla 5. Breyttar skatttekjur af ólíkum tekjuhópum.

Tekjuhópur	i	ii	iii	iv	v	vi
Tekjubil	<300.000	300.000-475.000	475.000-675.000	675.000-1.000.000	1.000.000-1.500.000	>1.500.000
Fjöldi	128.814	75.958	49.913	30.409	9.309	3.358
1. 35% lægra skattþrep	-3.002.343.379	-6.417.547.315	-6.303.769.574	-5.447.958.991	-1.936.796.901	-688.770.667
2. Há skattleysismörk, fallandi persónuafsláttur	-21.095.188.560	-32.377.162.182	544.978.120	12.781.412.934	6.020.502.660	2.141.032.770
3. Styrking þrepaskiptingar	-17.997.138.979	-24.298.147.445	-5.924.826.976	6.755.871.929	6.919.834.407	5.265.332.684

Gögn: Hagstofan.

Í töflu 5 kemur fram eðlismunur tillagnanna. Leið 1 breytir ekki svo nokkru nemi núverandi skattkerfi, en skattalækkarnir ganga upp allan tekjustigann í hækkandi krónutölu og hækkandi hlutfalli upp að 900 þús. kr. mörkunum, en í lækkandi hlutfalli og fastri krónutölu af hærri launum. Hún verður að teljast mjög kostnaðarsöm miðað við áhrifin sem hún hefur. Hinar tvær tillögurnar miða við að ná norrænum skattahlutföllum og hækka ráðstöfunartekjur láglaunafólks. Leið 2 hefur að markmiði að laun innan framfærslumarka verði að mestu skattfrjáls og hækkar persónufrádráttinn mest og veldur því bæði skattahækkunum milli- og hátekjuhópa. Leið 3 gengur ekki alveg eins langt varðandi persónufrádrátt, tekur mildilega á millitekjuhópum, en hækkar skatta mest á hæstu laun.

Taka þarf fram að stilla má leiðir 2 og 3 af þannig að þær valdi mismiklum kostnaði. Það mætti gera með breytingum á persónufrádrætti, breyttum skattþrepum og leið 2 mætti breyta með því að færa til tekjumarkið þar sem persónufrádrátturinn fasast út eða með breytingum á ferli kúrfunnar um lækkan persónufrádráttarins.

Aftur skal tekið fram að þessar tölur miða við tekjuárið 2017; viðmiðunartölurnar eru aðrar í dag. Á því ári var miðgildi tekna allra skattgreiðenda um 400 þús. kr. Miðgildi er punkturinn sem 50% skattgreiðenda eru undir og 50% yfir. Meðaltal var 540 þús. enda teygja há laun meðaltalið upp. Einungis 10% skattgreiðenda hafði yfir 800 þús. kr. tekjur, 4% yfir 970 þús. kr. og 2,8% tekjur yfir 1.200 þús. Hér er viðað við heildarlaun (tekjuskattsstofn) og rauntekjur. Tekið skal fram að þessar tölur eiga við alla skattgreiðendur; jafnt þá sem eru á lífeyri, í hlutastörfum og aðra, meðan útgefin meðallaun og miðgildi Hagstofunnar, sem eru hærri tölur, miða einvörðungu við vinnumarkaðinn og fullt starfshlutfall.

Leið 2 lækkar skatta um 70% skattgreiðenda, leið 3 um 82% þeirra og leið 1 lækkar skatta allra.

Í töflu 5 er miðað við sex tekjuhópa (dálkar):

(i) Þá sem voru með minna en 300 þús. kr. á mánuði 2017. Þetta er langsamlega fjölmennasti hópurinn. Í honum eru væntanlega skólafólk og fólk í hlutastarfi og fólk í allra lægt launuðu störfunum. Tiltölulega stór hópur aldara er í þessum hópi, það er sambúðarfólk sem hafði á því ári 229 þús. kr. (um 40% aldara er í

Þessum hópi) og einnig þeir sem voru með 70 þús. kr. réttindi hjá lífeyrissjóðum eða minna (um 27-28% aldraðra 2017). Þá má reikna með að margir öryrkjar séu í þessum hópi. Þessir tekjuhópar fá mesta skattahækkun í leið 2 og næst mesta í leið 3.

(ii) Þeir sem voru með 300 þús. kr. til 475 þús. kr. eru væntanlega fjölmennasti hópurinn á vinnumarkaði og kostnaður ríkisins verður mestur af skattalækkunum hjá honum. Þessi hópur fær mesta skattalækkun í leið 2, en næst mesta í leið 3.

(iii) Þeir sem voru með 475-675 þús. kr. og segja má að séu á hærri meðallaunum. Þessi hópur fengi mesta skattalækkun í leið 1 og leið 3, en litla í leið 2.

(iv-vi) Þeir sem voru með yfir 675 þús. kr. fá mest út úr leið 1, hún lækkar skatta þeirra. Hins vegar myndu þeir greiða aukna skatta samkvæmt leiðum 2 og 3.

Tafla 6 hér á eftir sýnir hvaða áhrif breytingarnar hafa á skattgreiðslur einstakra skattgreiðenda. Nú er miðað við mánaðarlegar greiðslur en ekki árlegar. Pósitívur tölur þýða auknar ráðstöfunartekjur einstaklinga (minni skatta) og mínustölur minni ráðstöfunartekjur (aukna skatta).

Tafla 6. Breytingar á ráðstöfunartekjum einstaklinga.

Tekjuhópur	i	ii	iii	iv	v	vi
		300.000-	475.000-	675.000-	1.000.000-	
Tekjubil	<300.000	475.000	675.000	1.000.000	1.500.000	>1.500.000
Fjöldi	128.814	75.958	49.913	30.409	9.309	3.358
1. 35% lægra skattþrep	1.942	7.041	10.525	14.930	17.338	17.338
2. Há skattleysismörk, fallandi persónuafsláttur	13.647	35.521	-910	-35.026	-53.895	-53.895
3. Styrking þrepaskiptingar	11.643	26.657	9.892	-18.514	-61.946	-130.686

Gögn: Hagstofan.

Tafla 6 sýnir að seinni 2 leiðirnar styrkja jöfnunarhlutverk skattkerfisins mjög myndarlega, en leið 1 lítið.

Ef við lítum nánar á tekjulægstu hópana, (i) og (ii), þá aukast ráðstöfunartekjur þeirra mjög verulega í leið 2 og 3, einkum leið 2, enda er hún hönnuð með þessa hópa í huga.

Tekjuhópur (iii). Hjá þessum tekjuhópi verða umskipti milli tekjulágra og tekjuhárna. Nú verða leið 1 og 3 bestu leiðirnar og gefa um 10 þús. kr., en samkvæmt leið 2 hækka skattar þessa hóps, þó ekki svo nokkru nemi.

Tekjuhópar (iv) til (vi). Þessir tekjuhópar fá mest út úr leið 1, en leiðir 2 og 3 hækka skatta verulega. Leið 3 hækkar þá einkum á há laun, en leið 2 er þyngri á milliháar tekjur, á tekjuhóp (iv). Hún tekur ekki eins ákveðið á tekjuhæsta hópnunum vegna gerðar sinnar, eins og fyrr segir.

Af töflu 6 má ráða að leiðir 2 og 3 hafa svolítið ólík áhrif þótt báðar hafi mikil jöfnunaráhrif. Hér kemur fram að hækkanir á persónufrádrætti koma sér best fyrir altekjulægsta hópinn, til dæmis þá sem eru á lífeyri, í leið 2 hækkar persónufrádráttur í rúmar 106 þús. kr., meðan leið 3 þar sem persónufrádráttur hækkar í 88 þús. er best fyrir þá sem eru á lágum launum á vinnumarkaði. Þótt tiltölulega litlu muni í þessu efni.

Umræður og niðurstöður

Jöfnuður í skattkerfinu.

Hér kemur skýrt fram að minni jöfnuður næst fram með skattkerfinu hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Skatthlutfall af lágum launum er svipað hér og þar, 22-30%, en af háum launum gæti það verið 8% lægra hér á landi; 38% fyrir tekjuhæstu fjölskyldugerðina sem OECD mælir, en um 46% að jafnaði á hinum Norðurlöndunum og fer upp í 52%. Gögnin um löndin sýna að skattar á lægri laun hafa hækkað stöðugt hér á landi, en ekki á hæstu laun, en hin almenna þróun á hinum Norðurlöndunum á öldinni virðist vera að allir skattar lækki (Danmörk, Svíþjóð og Finnland). Þá sker Ísland sig úr þannig að óstöðugleiki skattheimtu er áberandi; breytingar eru gríðarlega miklar en tiltölulega litlar á hinum Norðurlöndunum.

Nú er spurning hvert Ísland ætlar í þessu tilliti, en ef gæta á sanngirni þyrfti væntanlega bæði að lækka skattheimtu lægri launa og hækka hana á hærri laun. Ef hið síðarnefnda er ekki gert, þá þarf umtalsverða skattalækkun á lægri laun til þess að skattheimtan sé í svipuðum hlutföllum milli tekjuhópa hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Það myndi kosta ríkissjóð mikið.

Leiðir

Álykta má að þau megin kerfi sem takast á, það er annars vegar tiltölulega flatt skattkerfi og hins vegar stighækkandi þrepaskipt skattkerfi geti haft ólík áhrif á flesta tekjuhópa. Það er ekki fyrr en farið er út í hliðarráðstafanir eins og háan og þó enn frekar lækkandi persónufrádrátt sem fyrri leiðin styrkir jöfnuð svipað og sú síðari – og það sýna þau dæmi sem hér eru tekin. Lækkandi persónufrádráttur og/eða hátt skattþrep geta hækkað skatthlutfall tekjuhárna. Þó er það háð öðrum forsendum.

35% leið Sjálfstæðisflokksins (leið 1) virðist ekki svara þeim aðstæðum sem eru í skattheimtu hér á landi, eins og leiða má af því sem hér hefur verið sagt. Tillagan eykur ekki jöfnuð það heitið geti. Hún mætir ekki kröfum láglaunahópa og verkalýðshreyfingarinnar um lága skatta af lágum launum og er því ekki svar í þeirri umræðu sem nú á sér stað um skattamál. Þá er hún afar kostnaðarsöm þar sem

skattalækkunin gengi upp allan tekjustigann og má segja að lítið fáið fyrir þá fjárhæð sem þessi leið kostar.

Hér hefur verið skoðað dæmi um skattkerfi (leið 2) sem felur í sér háan persónufrádrátt og fallandi og óbreytt skattþrep frá því sem nú er – og segja má að sú tillaga sé úr fjölskyldu tiltölulega flatra skattkerfa. Hún ber með sér ákveðin umskipti í skattamálum. Með því lækkaði skatthlutfall lægri launa mikið og færu ráðstöfunartekjur flestra yfir framfærslumörk og skatthlutfall hærri launa færðist nær því sem gerist hjá öðrum ríkjum Norðurlanda, en yrði þó lægst áfram.

Að þessu sögðu verður að taka fram að valkostir í tiltölulega flötu skattkerfi eru margir. Þeir hafa mismunandi áhrif. Ef ekkert er gert nema taka upp eitt millihátt skattþrep, þá eykur það skattbyrði þeirra lægst launuðu, en minnkar hjá þeim tekjuháum. Ef skattleysismörk eru einnig hækkuð þá minnkar það skattbyrði allra, mest þeirra lægst launuðu og hinna herra launuðu í svipaðri krónutölu, en lækkandi hlutfalli. Ef persónufrádráttur er fallandi þá hækkar skatthlutfallið með hækkanði tekjum og jöfnunaráhrif aukast svipað og í þrepaskiptu skattkerfi. Lögum skattkúrfunnar skiptir hér máli og hvað persónufrádrátturinn fasast út á löngu tekjubili. Þá kæmi einnig til greina að greiða út ónýttan persónufrádrátt til ákveðinna hópa, hér er minnst á aldraða og öryrkja; það getur tekið myndarlega á málum þeirra og slíkur stuðningur kæmi til viðbótar eða í stað félagslegra bóta. Af þessu má sjá að verkfærakista flats skattkerfis hefur upp á margt að bjóða og ekki sjálfgefið hvaða verkfæri eru notuð eða að hverju er stefnt.

Lágt skattþrep yki einnig jöfnuð, en lágt skattþrep eitt og sér eykur ráðstöfunartekjur launafólks með heldur innan við meðaltekjur mest (með 300-600 þús. kr./mán), láglaunafólks á vinnumarkaði næst mest (með 200-300 þús. kr./mán.) og hærri millitekjuhópa (yfir 600 þús.) síðan. Það eykur jöfnuð nokkuð með því að tekjuháir fá hlutfallslega minni skattalækkun en tekjulágir. Ef lágu skattþrepi fylgdi ekki hátt skattþrep tæki það mikið vægar á tekjuhærri hópunum en flatt skattþrep með lækkandi persónufrádrætti.

Í leið 3 er því ekki miðað við lágt skattþrep heldur tiltölulega háan persónufrádrátt, sem kemur í stað þess. Hér er skoðað að hafa hátt skattþrep, sem er hin hefðbundna leið til að auka jöfnuð með skattkerfinu.

Þessi leið er mjög vel þekkt á Vesturlöndum og hefur verið sátt um hana. Ef hún yrði farin hér á landi þyrfti að íhuga og endurskoða hvar þrepamörk yrðu. Lágt skattþrep eða hár persónufrádráttur eru ein og sér mjög kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð þannig að lækka þyrfti tekjumörk skattþrepa og taka upp hátekjuskatt til þess að mæta því að einhverju leyti. Leiðin útilokar ekki heldur útgreiðslu ónýttss persónufrádráttar.

Raunar má halda því fram með ákveðnum rétti að ólíkar leiðir, leiðir 2 og 3, styrki annars vegar kjör skjólstæðinga Tryggingastofnunar best (leið 2) og hins vegar félaga í verkalýðshreyfingunni (leið 3). Þessar leiðir geta þó byggt á sömu eða

svipuðum forsendum og niðurstaðan orðið svipuð, eins og þeim hefur raunar verið stillt upp hér.

Kostnaður

Hér er gert ráð fyrir því að allar aðgerðir til jöfnunar kosti hið opinbera umtalsverðar upphæðir og að ríkið standi að hluta til undir lækkuðum sköttum til þeirra tekjulægri. Þar sem um háar fjárhæðir er að ræða þyrfti einnig að skattleggja laun sem eru yfir meðaltekjum nokkuð og flytja skattbyrðina milli tekjuhópa; frá lágláunafólki til hálaunafólks. Ef hátekjuhóparnir verða ekki með hækkaða skatta verður kostnaður ríkisins við að létta skattbyrði af lægri launum til samræmis við norræn hlutföll milli tekjuhópa kostnaðarmeiri sem því nemur.

Launavísitala hefur hækkað um yfir 6% frá 2017 sem er það tekjuár sem hér er miðað við. Ef að líkum lætur hækkan hún eitthvað til áramóta, en þá eru samningar lausir á almennum vinnumarkaði og í framhaldi hjá félögum opinberra starfsmanna. Ef samið verður um 4% hækkun launa, eins og Gylfi Zoega hagfræðingur hefur nýverið mælt með⁴, má reikna með að laun hafi að meðaltali hækkað eða hækki um 10-12% á árunum 2017-2019 frá þeim tölum sem hér eru kynntar.

Hvert 1% í launahækkun til allra launþega 16 ára og eldri kostar vinnuveitendur miðað við launavísitölu í júní 2018 kr. 703.650.187 á mánuði. Það gerir kr. 8.443.802.243 á ári (8,5 milljarða). 10-12% hækkun frá 2017 er 85-99 milljarðar. Fyrir hvert 1% sem launavísitala hækkar fær ríkið um 0,35% í hækkaða tekjuskatta og veltuskatta og sveitarfélög 0,14% í útsvar og minnt skal á að skattar á launahækkunir eru í skatthlutfalli jaðarskatta. Ríkið gæti því aukið tekjur sínar frá 2017 til 2019 um 32 milljarða og sveitarfélögin um 13 – eða 45 milljarða alls vegna launahækkana á vinnumarkaði. Eðlilegt kann að vera að opinberir aðilar skili einhverju af því til baka til þess að jafna skattbyrði.

Þá er það ónefnt að kosningaloforð um lækkun lægra skattþrepsins í 35% hefði kostað um 24 milljarða 2017 og því meira nú. Að þessu sögðu er sennilegt að ríkið hafi svigrúm til gagngerra skattbreytinga.

Alvöru skattbreytingar gætu mætt vilja verkalýðsförystunnar um auknar ráðstöfunartekjur lægri launa og aukinn jöfnuð.

Ákvörðunartökumódel

Hér er sett upp ákvörðunartökumódel, sjá töflu 7. Annars vegar er sýnt hvaða áhrif leiðirnar hefðu á jöfnuð og hins vegar hvernig útkoma ákveðinna tekjuhópa yrði.

⁴ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=e9054c76-a7ae-11e8-942c-005056bc530c>

Tafla 7. Ákvörðunartökumódel.*

	Jöfnuður			Útkoma ákveðinna hópa		
	Mikil skattalækkun láglauna	Hækkun skatta á há laun	Einkunn f. jöfnuð*	Best fyrir <300 þús.	Best f. millitekjuf. á vinnumarkaði	Best fyrir hærra launaða
1. 35% lægra skattþrep	3	3	6	3	2	1
2. Há skattleysismörk, fallandi persónuafsláttur	1	2	3	1	3	2
3. Styrking þrepaskiptingar	2	1	3	2	1	3

* Einkunn er gefin í röð frá bestu lausn til þeirrar lökustu – lág er betri en há.

Í ákvarðanatökumódelinu staðfestist það sem þegar hefur verið sagt um leiðir 2 og 3. Þær gegna jöfnunarhlutverkinu vel. Leið 1 gegnir jöfnunarhlutverkinu hins vegar afarilla. Í aftasta dálknum má sjá að hún kemur sér best fyrir hátt launaða. En leið 2 bætir hag þeirra lægst launuðu mest og leið 3 ber sennilega með sér mestan jöfnuð.

Jaðarskattar og málefni aldraðra

Jaðarskattar láglaunafólks

Eitt af þeim atriðum sem komið hafa fram í rannsóknum er að láglaunafólk sé í ákveðinni sjálfheldu vegna hárra jaðarskatta og hefur hún jafnvel verið kölluð fátæktargildra. Þá er átt við að jaðarskattar geti verið 70-80% þegar laun tekjulágra fara yfir þau mörk sem félagslegur stuðningur miðar við.

Hér er ekki fjallað sérstaklega um þetta mál. Það tekur einkum til þeirra sem eru á tekjubílum þar sem vaxtabætur, barnabætur og húsaleigubætur fasast út. Sama staða er uppi hjá öldruðum og öryrkjum þar sem ellilífeyrir fasast út.

Óhjákvæmilegt er að breyta þessu enda eru þessi skatthlutföll nánast óþekkt í okkar heimshluta, þau eru afar óvinsæl og hafa margs konar félagsleg áhrif, til dæmis letjandi áhrif á ungt tekjulítið fólk á vinnumarkaði.

Eðlilegt virðist að greiða öllum út félagslegar bætur, en taka þær síðan til baka með háu skattþrepi. Sú leið væri mjög heppileg fyrir aldraða og öryrkja.

Sérstakt skattkerfi fyrir aldraða og öryrkja

Hér skal það nefnt að til greina kæmi að aldraðir og öryrkjar verði sérstakur hópur varðandi skattalega meðferð. Þá er átt við að ónýttur persónufrádráttur yrði útgreiðanlegur fyrir þann hóp. Til álita kæmi að ganga enn lengra í því efni og er þá að gera mögulegt að fella niður skerðingar Tryggingastofnunar og skattauppgjör hennar. Þá þyrfti að greiða öllum jafnt. Ellilífeyri mætti lækka nokkuð með því að

hækka persónufrádrátt á móti og greiða hann út og jaðarskattarnir á greiðslur til þeirra hæst launuðu þyrftu að skila ellilífeyrinum til baka í tiltölulega háu hlutfalli.

Skattauppgjör stofnana félagsmálakerfisins

Óheppilegt er að Tryggingastofnun og raunar fleiri stofnanir félagsmálakerfisins geri skattauppgjör vegna jaðarskatta (skerðinga). Það er stjórnsýslulega ótækt og hefur mikinn tvíverknað í för með sér í daglegri starfsemi stofnananna og ekki síst við breytingar á kerfum. Skattayfirvöld eiga að annast skattamál.

Viðauki 1: Ráðstöfunartekjur samkvæmt ólíkum leiðum:

			Leið 1	Leið 2	Leið 3
		Í núverandi kerfi	Lægra skattþrepið 35%	Há skattleysismörk, fallandi persónufrádráttur	Styrking þrepaskiptingar
Fjöldi 2017	Tekjur 2017				
48.308	<100.000	238	238	238	238
11.822	100.000	96.000	96.000	96.000	96.000
13.961	150.000	144.000	144.000	144.000	144.000
18.147	200.000	175.815	179.540	192.000	192.000
23.371	250.000	206.295	210.951	240.000	239.344
26.414	300.000	236.775	242.362	288.000	269.613
24.580	350.000	267.255	273.773	308.130	296.642
20.533	400.000	297.735	305.185	330.240	322.590
17.638	450.000	328.215	336.596	348.026	348.539
15.438	500.000	358.695	368.007	368.968	374.488
13.466	550.000	389.175	399.418	390.516	400.437
11.492	600.000	419.655	430.829	412.633	426.386
9.517	650.000	450.135	462.241	435.281	452.334
7.736	700.000	480.615	493.652	458.427	478.283
6.312	750.000	511.095	525.063	482.040	502.432
5.115	800.000	541.575	556.474	506.090	524.061
4.124	850.000	572.055	587.885	530.549	545.690
3.333	900.000	605.298	622.636	558.153	567.318
2.694	950.000	631.314	648.652	578.890	588.947
2.193	1.000.000	657.330	674.668	603.435	610.576
1.787	1.050.000	683.346	700.684	629.451	632.205
1.424	1.100.000	709.362	726.700	655.467	653.834
1.103	1.150.000	735.378	752.716	681.483	675.462
912	1.200.000	761.394	778.732	707.499	697.091
751	1.250.000	787.410	804.748	733.515	718.720
619	1.300.000	813.426	830.764	759.531	740.349
550	1.350.000	839.442	856.780	785.547	761.978
477	1.400.000	865.458	882.796	811.563	783.606
410	1.450.000	891.474	908.812	837.579	805.235
367	1.500.000	917.490	934.828	863.595	826.864
299	1.550.000	943.506	960.844	889.611	848.493
267	1.600.000	969.522	986.860	915.627	870.122
248	1.650.000	995.538	1.012.876	941.643	891.750
209	1.700.000	1.021.554	1.038.892	967.659	913.379
188	1.750.000	1.047.570	1.064.908	993.675	935.008
163	1.800.000	1.073.586	1.090.924	1.019.691	956.637
150	1.850.000	1.099.602	1.116.940	1.045.707	978.266
137	1.900.000	1.125.618	1.142.956	1.071.723	999.894
123	1.950.000	1.151.634	1.168.972	1.097.739	1.021.523
108	2.000.000	1.177.650	1.194.988	1.123.755	1.043.152
1.237	>2.000.000	1.567.890	1.585.228	1.513.995	1.367.584

Viðauki 2: Skatthlutfall samkvæmt ólíkum leiðum:

			Leið 1	Leið 2	Leið 3
		Í núverandi kerfi	Lægra skattþrepið 35%	Há skattleysismörk, fallandi persónufrádráttur	Styrking þrepaskiptingar
Fjöldi 2017	Tekjur 2017				0
48.308	<100.000	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
11.822	100.000	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
13.961	150.000	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
18.147	200.000	8,4%	6,5%	0,0%	0,3%
23.371	250.000	14,0%	12,1%	0,0%	6,4%
26.414	300.000	17,8%	15,8%	0,0%	11,7%
24.580	350.000	20,5%	18,5%	8,3%	16,0%
20.533	400.000	22,5%	20,5%	14,0%	19,3%
17.638	450.000	24,0%	22,1%	19,4%	22,0%
15.438	500.000	25,3%	23,3%	23,1%	24,2%
13.466	550.000	26,3%	24,4%	26,0%	26,0%
11.492	600.000	27,1%	25,2%	28,4%	27,5%
9.517	650.000	27,9%	25,9%	30,2%	28,8%
7.736	700.000	28,5%	26,5%	31,8%	30,2%
6.312	750.000	29,0%	27,1%	33,0%	31,8%
5.115	800.000	29,5%	27,5%	34,1%	33,1%
4.124	850.000	29,9%	28,0%	35,0%	34,3%
3.333	900.000	29,9%	27,9%	35,4%	35,4%
2.694	950.000	30,8%	28,9%	36,5%	36,4%
2.193	1.000.000	31,5%	29,7%	37,1%	37,3%
1.787	1.050.000	32,2%	30,5%	37,6%	38,1%
1.424	1.100.000	32,8%	31,2%	37,9%	38,8%
1.103	1.150.000	33,4%	31,8%	38,3%	39,5%
912	1.200.000	33,9%	32,4%	38,6%	40,1%
751	1.250.000	34,4%	32,9%	38,9%	40,7%
619	1.300.000	34,8%	33,4%	39,1%	41,2%
550	1.350.000	35,2%	33,9%	39,4%	41,7%
477	1.400.000	35,6%	34,3%	39,6%	42,2%
410	1.450.000	36,0%	34,7%	39,8%	42,6%
367	1.500.000	36,3%	35,1%	40,0%	43,0%
299	1.550.000	36,6%	35,4%	40,2%	43,4%
267	1.600.000	36,9%	35,8%	40,4%	43,7%
248	1.650.000	37,2%	36,1%	40,6%	44,0%
209	1.700.000	37,4%	36,3%	40,7%	44,3%
188	1.750.000	37,6%	36,6%	40,9%	44,6%
163	1.800.000	37,9%	36,9%	41,0%	44,9%
150	1.850.000	38,1%	37,1%	41,1%	45,2%
137	1.900.000	38,3%	37,3%	41,2%	45,4%
123	1.950.000	38,5%	37,6%	41,4%	45,7%
108	2.000.000	38,7%	37,8%	41,5%	48,2%
1.237	>2.000.000	40,6%	40,0%	42,7%	48,2%